

Mikilvægi ritrýndra tímarita frá sjónarmiði heilbrigðisvísinda

Dr. Sigríður Halldórsdóttir, prófessor við heilbrigðisdeild HA
Erindi á málstofu RHA um ritrýnd tímarit
16. október, 2008.

Saga ritrýni innan heilbrigðisvísinda

- ▶ Það eru næstum 300 ár síðan ritrýni hófst innan heilbrigðisvísinda. Royal Society of Edinburgh gaf út *Medical Essays and Observations* árið 1731 en í ritinu segir að greinar hafi verið sendar „til þeirra sem best eru að sér á viðkomandi sviði” (Rennie, 1999, bls. 2). Þá þegar var viðurkennt að ekki væru allir jafn færir á öllum sviðum og sumir færari en aðrir.
- ▶ Rennie, D. (1999). Editorial peer review: Its development and rationale. Í F. Godlee og T. Jefferson (ritstj.) *Peer review in health sciences* (bls. 1–13). London: BMJ Publishing Group.

Þróun ritrýni – heilbrigðisvísindi

- ▶ Ritrýni þróaðist nokkuð hratt innan heilbrigðisvísinda þar sem snemma var viðurkennt mikilvægi þess *að verklag sé byggt á nýjustu þekkingu.*
- ▶ Ritrýndum tímaritum innan heilbrigðisvísinda *fjölgar mjög hratt* á öllum sviðum.
- ▶ Ritrýndum tímaritum á netinu fjölgar enn hraðar. Kostur þeirra er að útgáfutíminn er mun styttri sem tryggir að ný þekking komist sem fyrst til heilbrigðisstarfsmanna.

Ýmislegt um ritrýni

- ▶ Samkvæmt rannsóknum innan heilbrigðisvísinda er ritrýnum yfirleitt ætlaðar 3–4 vikur (Moher og Jadad, 1999).
- ▶ Samkvæmt rannsókn Yankauer (1990) sem gerði könnun meðal 276 ritrýna (svarprósenta var 85%) eyddu ritrýnar að meðaltali 2.4 klst. í ritrýnina og hver ritrýnir var að ritrýna fyrir 3–6 tímarit.
- ▶ Moher, D. og Jadad, A.R. (1999). How to peer review a manuscript. . Í F. Godlee og T. Jefferson (ritstj.) *Peer review in health sciences* (bls. 183–190). London: BMJ Publishing Group.

Ýmislegt um ritrýni – frh.

- ▶ Það er hægt að gera rannsókn sem er illa gerð en vel sagt frá henni. Ritrýni byggir eingöngu á því sem rannsakandi skrifar um og því er ýmislegt varðandi raunveruleg *gæði rannsókna* sem ritrýnar hafa ekki forsendur til að meta.
- ▶ Það er hægt að gera góða rannsókn en segja svo illa frá henni að hún fáist ekki birt.
- ▶ Ritrýni er ekki hafin yfir alla gagnrýni.

Gagnrýni á ritrýni – frh.

- ▶ Ekki hafa verið gerðar nægar rannsóknir á ritrýni. Þó hafa verið haldnar ráðstefnur um ritrýni innan heilbrigðisvísinda.
- ▶ Ekki eru alþjóðlegar og samræmdar reglur um hvernig staðið er að ritrýni.
- ▶ Ritrýni er bundin við ritrýna og getur því verið ósanngjörn og þar sem hún er undir nafnleynd getur hún jafnvel verið illkvittin.
- ▶ Alls kyns skekkjur geta komið inn ef fylgt er tillögum misvittra ritrýna. Ath. ábyrgð ritstjóra.

Gagnrýni á ritrýni – frh.

- ▶ Rannsóknir benda til að ritrýni geti komið í veg fyrir nýjungar og stuðli í sumum tilvikum að stöðnun. Í rannsókn sinni nefnir Horrobin (1990) 18 tilfelli þar sem nýjungar voru stöðvaðar í ritrýni.
- ▶ Ritrýni gefur ritrýnum (óeðlilega ?) mikið vald.
- ▶ Oft er ritrýnir samkeppnisaðili og það getur skekkst myndina mjög.
- ▶ Ritrýni seinkar útgáfuferlinu mikið.
- ▶ Horrobin, D.F. (1990). The philosophical basis of peer review and the suppression of innovation. *JAMA (Journal of the American Medical Association)*, 263, 1438–1441.

Hvers vegna er ritrýni þá notuð?

- ▶ Hjálpar ritstjóra að *velja* greinar til að birta. Í sumum tilvikum er höfnunarhlutfall allt að því 95%.
- ▶ Eykur yfirleitt *gæði* þess sem birt er.
- ▶ Eykur *lýðræðið* í vali á birtingum.
- ▶ Hjálpar lesendum við að *velja* lesefni á viðkomandi sviði (í upplýsingaflóðinu öllu).
- ▶ Byggir upp sameiginlegan *þekkingarforða* innan viðkomandi fræðigreinar.
- ▶ Eykur líkurnar á gagnreyndri þekkingu – í sumum tilvikum eru þrír ritrýnar.

Samantekt og framtíðarsýn

- ▶ Þrátt fyrir gagnrýni á ritrýni eru flestir sammála um að þetta sé einna besta kerfið sem við höfum í dag.
- ▶ Eitt hjúkrunartímarit hefur það þannig að ritrýni tveggja ritrýna er birt opinberlega í tímaritinu þar sem greinin birtist og höfundur skrifar síðan viðbrögð sín við ritrýninni sem birtist einnig í viðkomandi hefti (þ.e.: grein, ritrýni tveggja ritrýna og viðbrögð höfundar við ritrýninni – allt birt í sama tölublaðinu).

Samantekt og framtíðarsýn – frh.

- ▶ Mörg tímarit á netinu hafa tekið upp önnur kerfi. Dæmi úr eðlisfræði þar sem grein er birt á netsíðu tímarits og allir geta ritrynt hana. Síðan er hún birt formlega og þá mega allir segja sína skoðun á henni. Þarna er um að ræða opna og frjálsa ritryni fyrir og eftir birtingu.
- ▶ Mín framtíðarsýn er sú að eðlilegt sé að ritryni sé sýnilegri og tvö undanfarin dæmi eru dæmi um leiðir sem ég tel að farin verði í auknum mæli – einkum í tímaritum sem eru á netinu.